

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/73/EB

2006/EES/58/19

frá 24. júlí 2003

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/94/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/94/EB frá 13. desember 1999 sem varðar aðgengi neytenda að upplýsingum um eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun við markaðssetningu nýrra fólksbifreiða ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan árs frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

- 1) Í III. viðauka við tilskipun 1999/94/EB er mælt fyrir um snið veggspjalds sem á vera á sölustöðum allra nýrra fólksbifreiða.
- 2) Kveða skal á um notkun nútímalegra tækja til að miðla upplýsingum (rafeindaskjár) og að ekki megi setja upp ný veggspjöld með tækni sem er síður neytendavæn en sú sem notuð var áður.
- 3) Breyta ber III. viðauka við tilskipun 1999/94/EB til samræmis við þetta.
- 4) Samráð hefur verið haft við neytendasamtök og hagsmunaaðila.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 10. gr. tilskipunar 1999/94/EB.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

1. gr.

Gjört í Brussel 24. júlí 2003.

Í stað III. viðauka við tilskipun 1999/94/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2004 frá 23. apríl 2004 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 26.8.2004, bls. 14.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 12, 18.1.2000, bls. 16.

VIDAUKI

„III. VIDAUKI

LÝSING Á VEGGSPJALDINU OG SKJÁNUM SEM Á AÐ VERA Á SÖLUSTAD

Aðildarríkin verða að sjá til þess að veggspjaldið eða skjárinn fullnægi að minnsta kosti eftirfarandi kröfum:

1. veggspjaldið eða skjárinn skal a.m.k. vera 70 cm × 50 cm að stærð,
2. upplýsingarnar skulu vera auðlæsilegar,
3. ef upplýsingar eru birtar á rafeindaskjá skal hann a.m.k. vera 25 × 32 cm að stærð (17 tommur). Heimilt er að láta upplýsingarnar renna yfir rafeindaskjáinn,
4. undirtegundir fólksbifreiða skulu flokkaðar og skráðar eftir eldsneytistegund (þ.e. bensini eða dísileldsneyti). Undir hverri eldsneytistegund eru undirtegundir bifreiða flokkaðar eftir aukinni losun CO₂ og raðast sú undirtegund, sem hefur lægstu, opinberu eldsneytiseyðsluna, efst í skrána,
5. fyrir hverja undirtegund fólksbifreiðar í skránni skal tilgreina tegundina ásamt talnagildi opinberrar eldsneytiseyðslu og opinberrar, tiltekinnar losunar CO₂. Opinber eldsneytiseyðsla er annaðhvort gefin upp í lítrum á hverja 100 kílómetra (l/100 km), kílómetrum á hvern lítra (km/l) eða viðeigandi samsetningu af þessu, gefið upp með einum aukastaf. Opinber, tiltekin losun CO₂ er gefin upp í grömmum á hvern kílómetra (g/km), námunduð að næstu heilu tölu.

Slík gildi má gefa upp í öðrum einingum (gallonum og mílum) að því marki sem það samrýmist ákvæðum tilskipunar 80/181/EBE.

Hér er sýnd tillaga að sniðinu:

Tegund eldsneytis	Röðun	Undirtegund	Losun CO ₂	Eldsneytiseyðsla
Bensín	1			
	2			
	...			
Disilolía	1			
	2			
	...			

6. á veggspjaldinu eða skjánum skal vera eftirfarandi texti um möguleika á að fá afhent yfirlit yfir eldsneytiseyðslu og losun CO₂: „Yfirlit yfir eldsneytiseyðslu og losun CO₂ með upplýsingum um allar nýjar tegundir fólksbifreiða fæst án endurgjalds á öllum sölustöðum“. Þegar um er að ræða birtingu á rafeindaskjá verða þessi skilaboð alltaf að vera sýnileg,
7. á veggspjaldinu eða skjánum skal vera eftirfarandi texti: „Auk eldsneytisnýtni bifreiðar hafa aksturslag og aðrir þættir almenns eðlis áhrif á eldsneytiseyðslu bifreiðar og losun CO₂ frá henni. CO₂ er sú gróðurhúsalofttegund sem stuðlar einna helst að hnattrænni hlýnun.“ Þegar um er að ræða birtingu á rafeindaskjá verða þessi skilaboð alltaf að vera sýnileg,
8. veggspjaldið eða skjáinn a.m.k. á sex mánaða fresti. Ef rafeindaskjár er notaður skulu upplýsingarnar uppfærðar a.m.k. á þriggja mánaða fresti,
9. rafeindaskjár má koma að öllu leyti í stað veggspjaldsins. Í því tilviki skal framsetning rafeindaskjásins vera þannig að hann dragi að sér athygli neytandans a.m.k. jafn vel og veggspjaldið hefði gert.“